

Umhverfismat



Gátlisti fyrir mið- og elstastig grunnskóla

Listinn er til að auðvelda skólum að framkvæma umhverfismat fyrir þemað orka í upphafi nýs Grænánatímabils.

Miðað er við að krakkar á aldrinum 4-9 ára framkvæmi matið með aðstoð kennara, sem les fyrir þá spurninguna og leiðbeinir þeim í gegnum matið. Við hverja spurningu skal merkja við þann lit sem við á.

Listanum er skipt í þrennt:

Hugur (þekking) - Hjarta (skólinn og samfélagið) - Hendur (aðgerðir).



Listinn er ekki tæmandi og mega skólar að sjálfsögðu koma með aðrar hugmyndir en þær sem standa á listanum.

Þegar búið er að fara yfir listann ætti skólinn að sjá betur hvar hann stendur innan þemans. Það ætti að auðvelda honum að sjá hvort hann þurfi að taka sig á innan þemans og setja sér markmið í samræmi við það.

Merkingar:

Nemendur geta fundið svarið sjálfir án mikillar aðstoðar




Nemendur gætu þurft aðstoð við að svara spurningunni



Nemendur þurfa að mæla eða rannsaka hlutinn til að svara spurningunni



Matskvarðar:



Ekki til staðar í skólastarfinu



Að hluta til eða í gangi í skólastarfinu



Nú þegar gert í skólastarfinu


Orka



Hugur þekking











Vita allir í skólanum hvaðan og hvernig orkan á Íslandi kemur? 			
Eru allir í skólanum meðvitaðir um að það þurfi að spara orku í skólanum? 			
Eru allir í skólanum meðvitaðir um <u>af hverju</u> það þarf að spara orku í skólanum? 			
Eru nemendur meðvitaðir um hvernig orka verður til? 			
Eru nemendur meðvitaðir um þá orku sem þeir nota í daglegu lífi? 			
Eru nemendur meðvitaðir um mismunandi orkunotkun einstaklinga í mismunandi löndum? 			
Eru nemendur meðvituð um helstu orkugjafar í heiminum? 			
Fá nemendur fræðslu um muninn á óendurnýjanlegum og endurnýjanlegum orkugjöfum? 			



Hjarta skólinn og samfélagið




Er alltaf slökkt á ljósum í rýmum sem ekki eru í notkun? 			
Er alltaf slökkt á ljósum ef hægt er að nota dagsbirtuna? 			
Eru merki við slökkvara sem minna fólk á að slökkva á ljósum? 			
Eru LED eða orkusparandi ljósaperur í öllum peru- stæðum í skólanum? 			
Er slökkt á tölvum þegar þær eru ekki í notkun (ekki nóg að þær séu á stand-by)? 			
Er fjallað um áhrif orkuframleiðslu á samfélög og náttúru? 			
Eru hreyfiskynjarar á stöðum þar sem viðvera er lítil? 			
Hafa nemendur lært um orkuframleiðslu í sínu nærumhverfi og jafnvel heimsótt orkumannvirki? 			



Hendur aðgerðir



Er fylgst með orkunotkun innan skólans? 			
Er reynt að draga úr orkunotkun innan skólans? 			
Eru samstarfsverkefni um orkumál á milli skólans og stofnanna eða fyrirtækja í nærsamfélaginu? 			
Hefur skólinn búið til sinn eigin orkugjafa? S.s. litla rennslisvirkjun, vindmyllu, sólarrafhlöðu eða annað? 			
Hafa nemendur búið til sína eigin orku (með ýmsum tilraunum)? 			
Hafa nemendur haft áhrif á nærsamfélag sitt ef þeim hefur fundist eitthvað ábótavant, t.d. skrifa bréf til sveitastjórnar?  			
Hafið þið kannað og upplifað hvernig lífið væri án rafmagns, t.d. haft rafmagns-lausan dag/klukku tíma? 			
Er unnið með heimsmarkmiðin í skólanum í tengslum við orku? 			

Til umræðu:

- Eru vandamál með orku í skólanum ykkar?
- Ræðið ólíkar tegundir orkugjafa. Hverjir eru kostir þeirra og gallar? Hvað eru endurnýjanlegir orkugjafar? Hvaða umhverfisáhrif fylgja hverjum orkugjafa fyrir sig? Orkugjafar: jarðefnaeldsneyti (gas, kol, olía), kjarnorka, sólarorka, vindorka, sjávarfallaorka, jarðvarmi, orka frá vatnsafli.
- Hvernig orku þarf til að búa til hlutina sem við notum eða matvælanna sem við neytum? T.d. húsgögn, snjalltæki, ávextir, kjöt, reiðhjól, bíll, bækur.

Markmið og aðgerðir innan þemans orka